

GJALDSKRÁ

Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.

Matvælaeftirlit.

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

Hollustuhættir og mengunarvarnir.

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11 og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

Tóbaksvarnir.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit hjá með vísun til 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Um meðhöndlun úrgangs.

Vegna eftirlits sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

Tímagjald	kr. 21.000
Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldrar eðlisfræðilegra mælinga.	kr. 21.500

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:

eitt og hálf tímagjald

Auk auglýsingakostnaðar ef við á,

Nýtt leyfi:

tvöfalt tímagjald

Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á

Skráningargjald

eitt og hálf tímagjald

Önnur leyfi:

Leyfisgjald

tvöfalt tímagjald

og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlitið gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum skal greiða eitt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit. Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en annarra gjalda er útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar október 2023, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar október 2023, bæjarstjórn Kópavogsbæjar nóvember 2023, bæjarstjórn Mosfellsbæjar október 2023 og bæjarstjórn Seltjarnarness október 2023, með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 5. mgr. 65 gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1471/2022 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ.

Kópavogur október 2022

F.h. heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Hörður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

VIÐAUKI (eftir að uppfæra miðað við samþykkt tímagjald fyrir árið 2024)

Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Eftirlits- og sýnagjald kr.
Aksturíþróttasvæði og/eða aksturæfingabraut	0,5	29.250
Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	107.250
Alifuglasláturhús	1	148.000
Apótek	0,5	39.000
Áfengisheildverslun	0,25	14.625
Áfengisverslun	0,25	14.625
Bakarí og veitingasala	1	166.250
Bakarí, brauðgerð, framleiðsla á kökum, lítil	1	98.000
Bakarí, framleiðsla á brauði, sætabrauði og kökum	1	127.250
Bensínstöð	1	78.000
Bílgrein - bifreiðasprautun	0,5	58.500
Bílgrein - hjólbarðaverkstæði	0,5	19.500
Bílgrein - réttingaverkstæði	0,5	29.250
Bílgrein - ryðvörn o.þ.h.	1	97.500
Bílgrein - smurstöð	0,5	58.500
Bílgrein - þvotta- og bónstöð	0,5	58.500
Bílgrein o.fl. verkstæði fyrir þungavinnutæki	1	136.500
Bílgrein o.fl. - verkstæði fyrirtækis	0,5	58.500
Bílgrein o.fl. geymsla og viðgerðir, lítið umfang	0,5	19.500
Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði	0,5	58.500
Bílgrein, lítil bifreiða- og vélaverkstæði	0,5	34.125
Bílgrein, lítil bónstöð, viðgerðaraðstaða	0,5	29.250
Bílgrein, margþætt starfsemi	1	136.500
Bílgrein, partasala	1	58.500
Brennuleyfi	1	38.000
Búsetuúrræði	0,5	34.125
Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn	0,5	34.125
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með mötuneyti	2	176.000
Dvalar- og hjúkrunarheimili, móttökueldhús	1	88.000
Dýragarður	0,5	27.750
Dýrahótel	0,5	27.750
Dýralæknastofa	0,5	27.750
Efnalaug og/eða þvottahús	1	68.250
Endurhæfing, sundlaug	1	127.250
Endurnýting úrgangs, flokkaðra efna	2	175.500
Endurnýting úrgangs, niðurrif á ónýtum hlutum	1	87.750
Fangageymsla	0,5	24.375
Fiskbúð	1	98.000
Fiskverkun - almenn	1	97.500
Flugvöllur með eldsneytisafgreiðslu	0,5	29.250
Flutningur á seyr	0,5	41.438
Fótaaðgerðarstofa	0,5	29.250
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	1	97.500
Framleiðsla á umbúðaplásti	1	64.750
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	101.750

Framleiðsla á snyrtivörum	0,5	34.125
Framleiðsla dýrafóðurs	0,5	39.000
Framleiðsla eða pökkun á korni	1	117.500
Framleiðsla áfengra drykkja	1	137.000
Framleiðsla áfengra drykkja, umfangslítið	1	88.250
Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu	1	117.500
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	1	107.250
Framleiðsla, átöppun neysluvatns	1	137.000
Garðaúðun, aðstaða	0,5	29.250
Gasbirgðastöð með > 100 m3 geymslurými (STP)	1	87.750
Gámastöð	0,5	19.500
Gisting - fjallaskáli. Flokkur II, III og IV	0,5	24.375
Gisting - starfsmannabústaður, starfsmannabúðir	1	29.250
Gisting, gistiheimili Flokkur II	0,5	29.250
Gisting, hótél, veitingasala. Flokkur III og IV	1	156.500
Gleriðnaður	1	58.500
Grjótnám	0,5	37.000
Gæludýraverslun	0,5	29.250
Gæsluvöllur og/eða opin leiksvæði	0,5	34.125
Hafnartankur, eldsneytisafgreiðsla	0,5	37.000
Hárgreiðslu- og snyrtistofa	0,5	29.250
Heilsugæslustöð	0,5	29.250
Heilsuræktarstöð	1	58.500
Heilsuræktarstöð, heitir pottar, baðstofa	2	137.000
Heilsuræktarstöð, takmarkað umfang	0,5	24.375
Heimili með félags- og/eða heilbrigðisþjónustu	0,5	34.125
Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir	1	29.250
Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda	1	107.250
Húðflúrstofa	1	58.500
Húðgötun	1	58.500
Íþróttahús	1	97.500
Íþróttahús, heitur pottur	2	137.000
Íþróttahús, takmarkað umfang	1	58.500
Íþróttavöllur	1	58.500
Jógastofa, heilun, fræðslustarfsemi o.fl.	0,5	34.125
Kaffibrennsla	0,5	43.875
Kaffihús án viðkvæmra veitinga	0,5	24.375
Krá, án matsölu	1	68.250
Krá, samkomustaður, veitingar	1	146.750
Krydd-, bragðefna, og/eða matvælaframleiðsla og pökkun,	1	107.500
Kvikmyndahús	1	58.500
Leikhús	0,5	29.250
Leikskóli (án mótuneytis)	1	87.750
Leikskóli með mótuneyti	1	117.500
Læknahús, röntgen, aðgerðarstofa	0,5	34.125
Læknastofa	0,5	29.250
Malar- og sandnám; efnistaka á vatnsverndarsvæði	1	68.250
Matjurtarækt (önnur en spírur)	1	127.250
Matsölustaður, veitingastofa takmarkað umfang	1	98.000

Matsölustaður, veitingahús	1	127.250
Matvælaframleiðsla og pökkun (framl. tilbúinna rétta)	1	137.000
Matvælaframleiðsla, takmarkað umfang	0,5	48.750
Matvörudreifing frá vöruhótelum	0,5	34.125
Matvörudreifing með vöruheymslu	1	48.750
Matvöruverslun án vinnslu	1	98.000
Matvöruverslun með vinnslu	2	176.000
Matvöruverslun með vinnslu, takmarkað umfang	1	98.000
Matvöruverslun minniháttar s.s. heildverslun	0,5	39.000
Matvöruverslun, takmarkað umfang	0,5	39.000
Matvörusala, lítið umfang	0,5	19.500
Málmiðn - sandblástur	1	107.250
Málmiðn, blikksmíði með lítið umfang	1	29.250
Málmiðn, spennaviðgerðir	0,5	53.625
Málmiðn: vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	53.625
Málmiðn; flotkví, skipviðgerðir og tengdur rekstur	1	121.875
Málmiðn; járn-, ál- og stálsmiðja	0,5	53.625
Málmiðn; kælitækjapjónusta, viðgerðir og nýsmíði	0,5	53.625
Málmsteypa <20 tonn á dag	0,5	53.625
Meðferð og húðun málma	1	97.500
Meindýraeyðing	0,25	14.625
Móttaka á úrgangi til endurnýtingar	1	68.250
Móttaka brotamálms	2	214.500
Mötuneyti með móttökueldhúsi	1	54.125
Mötuneyti, fullbúið eldhús	1	107.750
Mötuneyti, takmarkað umfang	1	68.250
Nuddstofa	0,5	26.813
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	0,5	34.125
Plastiðnaður, framleiðsla á umbúðaplasti vegna matvæla	1	68.250
Plastiðnaður, annar	0,5	34.125
Prentiðnaður	0,5	31.688
Pökkun og framleiðsla á sápuefnum o.þ.h.	1	68.250
Rafgeymaverksmiðja og verkstæði	0,5	31.688
Rafvélaverkstæði	0,5	31.688
Reykhus, kjötiðn mjólkuriðn eða niðursuða 550/2018	0,5	43.875
Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	37.000
Samkomusalur með veitingum	0,25	29.250
Samkomusalur s.s. sýningarsalir, kirkjur eða þ.h.	0,25	17.063
Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h.	0,5	29.250
Skíðaskáli, skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða	1	87.750
Skotvöllur	1	48.750
Skólahúsnæði, dans-, öku- og tónlistarskóli o.þ.h.	0,5	34.125
Skólahúsnæði, framhaldsskólastig	0,5	29.250
Skólahúsnæði, framhaldsskólastig, mötuneyti	1	146.750
Skólahúsnæði, framhaldsskólastig, verkmenntun	1	146.750
Skólahúsnæði, grunnskóli án mötuneytis	0,5	53.625
Skólahúsnæði, grunnskóli með mötuneyti	1	146.750
Skólphreinsistöð > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe		750.000
Skólphreinsistöð, rotþró o.þ.h.	1	97.500

Smáhýsi eða matsöluvagn (matvörudreifing)	0,5	44.125
Smásala á innpökkun sœlgæti	0,25	12.188
Snyrtistofa	0,5	29.250
Snyrtistofa, fegrunarflúr/húðrof	1	58.500
Snyrtivöruframleiðsla verksmiðja	1	97.500
Sorplutningur og sorphirða	1	82.875
Sólbaðsstofa	1	68.250
Spennistöð	0,5	31.688
Spilliefnamóttaka og flutningur spilliefna	0,5	41.438
Spíruframleiðsla	0,5	63.625
Steinsmíði	1	58.500
Steinsmíði minni hátta	0,5	27.750
Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	117.500
Sumarbúðir	1	58.500
Sund- og baðstaður	5	441.250
Sund- og baðstaður, takamarkað umfang	3	244.750
Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	117.000
Sölutjöld og sjálfsalar	0,25	12.188
Tannlæknastofa	0,5	53.625
Te- og kaffi pökkun	0,5	44.125
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	1	53.625
Tóbakssala - verslun	1	58.500
Trésmíði-innréttingaverksmiðja	1	68.250
Trésmiðja - án lökkunar eða lítið umfang	0,5	39.000
Varaafsstöð með olíubirgðum<1600l	1	68.250
Varaafsstöð með olíubirgðum>1600l	1	136.500
Vatnsveita án vatnsból > 5.000 íbúar	1	1.000.500
Vatnsveita án vatnsból 1.000 - 5.000 íbúar	1	333.500
Vatnsveita og vatnsból 25.001 - 30.000 íbúar	1	1.941.500
Vatnsveita og vatnsból 30.001 - 50.000 íbúar	1	2.093.750
Vatnsveita og vatnsból, einka	1	78.500
Vatnsveita og/eða vatnsból <1.000 íbúar	1	88.250
Veislubjónusta, greiðasala og sala á tilbúnum mat	1	98.000
Veitingastaðir	1	98.000
Veitingastofa s.s. ísbúð o.þ.h.	1	98.000
Verslun, brauð og kökusala, veitingastofa	1	88.250
Verslunarmiðstöð	1	78.000
Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	34.125
Vinnsla með trefjaplast	1	107.250
Vistheimili	0,5	39.000
Vöruafgreiðsla	1	78.000
Vörugeymsla, dreifing efna í snertingu við matvæli	0,5	29.250
Vöruhótel	0,5	39.000